Minjastofnun Íslands

Ársskýrsla 2016

Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjastofnun Íslands
2016

Ljósmynd á forsíðu
Suðurhús í Borgarhöfn.
Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir.

© 2017
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Ritstjórn:
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

ISSN 2547-6475

Efnisyfirlit

1. Ávarp forstöðumanns 4

2. Um stofnunina 5

2.1 Áform um sameiningu Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands 5

2.2 Mannauðsmál 5

2.2.1 Starfsmannaferðir 5

2.3 Ráðgefandi nefndir 6

2.3.1 Fornminjanefnd 6

2.3.2 Húsafriðunarnefnd 7

3. Fjármál 8

3.1 Minjastofnun Íslands - rekstrarreikningur 8

3.2 Fornminjasjóður - rekstrarreikningur 8

3.3 Húsafriðunarsjóður - rekstrarreikningur 9

3.4 Styrkir til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum og styrkir úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða 10

4. Rannsóknir og miðlun 11

4.1 Rannsóknir 11

4.2 Miðlun 12

4.2.1 Skráning menningarminja 12

4.2.2 Átak í skráningu og eftirliti með strandminjum 12

4.2.3 Útgáfa 13

4.2.4 Ráðstefnur og fundir 13

5. Inn- og útflutningur menningarminja 15

6. Umhverfi og skipulag 16

6.1 Verndarsvæði í byggð 17

7. Verndun og friðlýsingar 18

7.1 Úttektir og fundir á sviði húsverndar 18

7.2 Friðlýsingar 18

7.3 Tillögur um friðlýsingu 19

7.4 Endurskoðun friðlýsingaskrár fornleifa 20

7.5 Verndaráætlanir 20

8. Samstarfsverkefni 21

8.1 Innlend verkefni 21

8.1.1 Samvinna 21
8.1.2 Kirkjur Íslands 21
8.1.3 Nefndir 21
8.2 Erlend verkefni 22

9. Minjasvæðin 24
9.1 Reykjavík og nágrenni 24
9.2 Suðurnes 25
9.3 Vesturland 26
9.4 Vestfirðir 27
9.5 Norðurland vestra 29
9.6 Norðurland eystra 30
9.7 Austurland 32
9.8 Suðurland 33

10. Úthlutanir úr sjóðum 35
10.1 Fornminjasjóður 35
10.2 Húsafriðunarsjóður 36

11. Starfsmenn 38

1. Ávarp forstöðumanns

Kristín Huld Sigurðardóttir

forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.

Það er ómetanlegt að hafa gott starfsfólk. Það er unun að vinna með hæfum einstaklingum sem eru lausnamiðaðir, sýna hollustu, taka ákvarðanir og leiðbeina með það að leiðarljósi að málaflokknum farnist vel. Fólki sem leggur miklu meira á sig í þágu minjaverndar en í raun og veru er hægt að ætlast til. Þannig er samstarfsfólk mitt hjá Minjastofnun Íslands.

Árið 2016 var mjög viðburðaríkt ár hjá stofnuninni. Í upphafi árs var tilkynnt að til stæði að sameina Minjastofnun Íslands og Þjóðminjasafn Íslands, en jafnframt að skilja fornminja- og húsverndina að og flytja þá síðarnefndu undir forsætisráðuneytið. Þegar leið á árið varð ljóst að ekki yrði úr þessum áformum.

Í upphafi árs 2016 urðu miklar mannabreytingar hjá stofnuninni. Arkitekt lét af störfum í Reykjavík og nýir sérfræðingar voru ráðnir. Starfsstöðin á Sauðárkróki var styrkt. Húsverndarmálin voru efld og auk starfsmanns í Reykjavík var ráðinn arkitekt í starfsstöðina á Sauðárkróki. Þangað var einnig ráðinn fornleifafræðingur sem sinnir strandminjum. Slíkar minjar eiga undir högg að sækja um allt land. Eitt það fyrsta sem fornleifafræðingurinn gerði var að skipuleggja átaksverkefni á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og Reykjanesi, til að fá yfirsýn yfir fjölda, eðli og ástand minja við ströndina svo unnt sé að meta hvar helst þurfi að bregðast við vegna minja sem eru að eyðileggjast.

Fyrrum borgarminjavörður Reykjavíkur réðst til starfa í starfsstöðina í Reykjavík og var gott að fá samstarfsmann sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á málaflokknum og þekkir vel til innan stjórnsýslu sveitarfélaga.

Verkefnið *Verndarsvæði í byggð* hófst árið 2016 en það byggir á ákvæðum laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Minjastofnun Íslands auglýsti eftir umsóknum í húsafriðunarsjóð til undirbúnings slíkra verndarsvæða. Alls bárust 22 umsóknir frá 19 sveitarfélögum og var veittur styrkur til 21 verkefnis. Markmiðið með lögunum er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Mikilvægi byggðarinnar er metið út frá fornleifaskráningu og húsakönnunum. Gerð er áætlun um útlit byggðarinnar, þ.m.t. hugsanlegar nýbyggingar, um götulýsingu, grindverk o.fl. Hægt er að sækja um framhaldsstyrk til húsafriðunarsjóðs, m.a. til viðgerða á friðuðum og friðlýstum húsum á verndarsvæðunum. Um er að ræða spennandi þróunarverkefni sem fróðlegt verður að fylgjast með á komandi árum.

Minjastofnun Íslands leitaði stuðnings ráðuneytisins til að takast á hendur átaksverkefni í minjaskráningu á Íslandi, rétt eins og mörg fyrri ár, en fékk því miður ekki stuðning til þess árið 2016.

Kristín Huld Sigurðardóttir

forstöðumaður

2. Um stofnunina

2.1 Áform um sameiningu Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands

Frumvarp um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem meðal annars fól í sér áform um sameiningu Þjóðminjasafns Íslands og Minjastofnunar Íslands var á lista ríkisstjórnarinnar yfir þau mál sem stjórnin hugðist ljúka á vorþingi 2016. Málið var lagt fyrir Alþingi skömmu fyrir páska og fyrsta umræða hófst en var frestað. Svo fór að fyrstu umræðu lauk ekki og var frumvarpið því ekki samþykkt sem lög á vorþingi. Málið hafði mikil áhrif á starfsfólk Minjastofnunar og álag á alla starfsemi stofnunarinnar vegna gagna sem þurfti að vinna í tengslum við sameiningaráformin. Starfsfólk stofnunarinnar lagðist auk þess eindregið gegn áformunum og reyndist þessi tími mörgum erfiður.

2.2 Mannauðsmál

Þrjár stöður voru auglýstar lausar til umsóknar hjá stofnuninni í janúar. Ásta Hermannsdóttir var ráðin, í stöðu fornleifafræðings í Reykjavík, Guðmundur St. Sigurðarson, í stöðu fornleifafræðings á Sauðárkróki, og Magnús Freyr Gíslason, í stöðu arkitekts á Sauðárkróki.

Þuríður Elísa Harðardóttir, sem ráðin var í lok árs 2015 sem minjavörður Austurlands, hóf í upphafi árs 2016 þjálfun í höfuðstöðvum Minjastofnunar í Reykjavík en flutti í sumarbyrjun til Djúpavogs þar sem starfstöð minjavarðar Austurlands er. Rúnar Leifsson sem áður gegndi stöðu minjavarðar Austurlands tók við stöðu minjavarðar Norðurlands eystra og flutti til Akureyrar þar sem starfstöð minjavarðar Norðurlands eystra er.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt, lét af störfum hjá stofnuninni um miðjan mars en í hennar stað hóf Guðný Gerður Gunnarsdóttir störf við stofnunina sem minjavörður Reykjavíkur og nágrennis og verkefnisstjóri „Verndarsvæðis í byggð“.

Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri, fór í fæðingarorlof um mitt sumar 2016.

2.2.1 Starfsmannaferðir

Dagana 27.-28. september fóru starfsmenn Minjastofnunar Íslands í ferð um Suðurland til að skoða manngerða hella. Skoðaðir voru hellar við Þjóðólfshaga II í Ásahreppi, Árbæjarhellishellir í Rangárþingi ytra, Ægissíðuhellar, Efri-Hvolshellar í Rangárþingi eystra og Hellnahellir á Landi. Að kvöldi dags var svo farið að Leirubakka þar sem hópurinn gisti í góðu yfirlæti. Morguninn eftir var haldið austur á bóginn og manngerðir hellar undir Eyjafjöllum, Steinahellir og Rútshellir, skoðaðir. Þar sýndi minjavörður Suðurlands framkvæmdir sem ráðist var í með styrk frá Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Á heimleiðinni var staldrað við á Þingskálum í Rangárþingi ytra og gengið um hinn forna þing-stað.

Starfsmenn Minjastofnunar fóru einnig í vinnu- og skemmtiferð til Búdapest dagana 9.-13. nóvember. Systurstofnun Minjastofnunar Íslands, Gyula National Heritage and Asset Management Center, var heimsótt og fengu starfsmenn

fyrirlestur um hvernig minjavernd er háttað í Ungverjalandi. Einnig var farið í fornleifagarð á vegum Sögusafns Búdapest þar sem skoðaðar voru rómverskar minjar og Ungverska Þjóðminjasafnið skoðað með leiðsögn.



Fornleifagarður með rómverskum minjum í Búdapest.

2.3 Ráðgefandi nefndir

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda: fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði mönnuðum hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Upplýsingar um minjaráðin má finna í kafla 9.

2.3.1 Fornminjanefnd

Í nefndinni sátu við upphaf árs:

- *Þórhallur Þráinsson* formaður, skipaður án tilnefningar,
- *Sandra Sif Einarsdóttir* varaformaður, tilnefnd af félagi fornleifafræðinga,
- *Halldóra Ásgeirsdóttir* tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,
- *Steinunn S. Jakobsdóttir* tilnefnd af Rannís,
- *Kristín Þórðardóttir* tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn:

- *Guðmundur Hálfdánarson* skipaður án tilnefningar,
- *Guðmundur Ólafsson* tilnefndur af félagi fornleifafræðinga,
- *María Karen Sigurðardóttir* tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,
- *Andrés Pétursson* tilnefndur af Rannís,
- *Magnús Karel Hannesson* tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Auk vinnufunda 19. febrúar og 10.-11. mars vegna umsagna um styrkumsóknir í fornminjasjóð voru tveir formlegir fundir haldnir á árinu 2016.

2.3.2 Húsafriðunarnefnd

Í nefndinni sátu við upphaf árs:

- *Magnús Skúlason* formaður, skipaður án tilnefningar,
- *Magnús Karel Hannesson* varaformaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- *Hanna Rósa Sveinsdóttir* skipuð án tilnefningar,
- *Júlíana Gottskálksdóttir* tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands ,
- *Jón Sigurpálsson* tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Varamenn:

- *Snorri Freyr Hilmarsson* skipaður án tilnefningar,
- *Sigríður Sigurðardóttir* skipuð án tilnefningar,
- *Margrét Þormar* tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- *Sigurður Einarsson* tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands,
- *Sigríður Björk Jónsdóttir* tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Nefndin hélt sjö fundi á árinu.

Í júní fóru nokkrir starfsmenn Minjastofnunar ásamt nefndarmönnum í húsafriðunarnefnd í tveggja daga ferð um Snæfellsnes og hélt nefndin fund sinn í Flatey. Skoðuð voru hús í Stykkishólmi og í Flatey en auk þess voru Brimilsvallakirkja og pakkhúsið í Ólafsvík skoðuð og farið á Malarrif og Arnarstapa.

Starfsmenn Minjastofnunar og nefndarmenn í húsafriðunarnefnd við Frúarhúsið í Stykkishólmi.

3. Fjármál

3.1 Minjastofnun Íslands - rekstrarreikningur

Afgangur varð af fjárheimildum Minjastofnunar Íslands árið 2015 vegna verkefna sem hafin voru á því ári og ekki hafði verið lokið við í árslok. Afgangur ársins 2015 fékkst því fluttur yfir á árið 2016 til að mæta þeim kostnaði sem hlytist af viðkomandi verkefnum árið 2016. Afgangur af fjárheimildum Minjastofnunar í árslok 2016, að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 2015, var kr. 4.692.595.

Á árinu 2015 samþykkti ríkisstjórn Íslands sérstaka fjárveitingu til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum um allt land, samtals 850 milljónir króna. Þar af fékk Minjastofnun Íslands 106,5 milljónir króna til 17 verkefna. Á árinu 2016 var gjaldfærður kostnaður vegna viðkomandi verkefna um 35,5 milljónir króna og tekjufærðir styrkir vegna verkefnanna sama upphæð. Einhverjum verkefnanna var ólokið í árslok 2016 og munu því eftirstöðvar kostnaðar vegna þeirra gjaldfærast á árinu 2016 og samsvarandi styrkfjárhæð tekjufærast á móti kostnaði. Viðkomandi verkefnum var lokið á fyrstu mánuðum ársins 2017.

Rekstrarreikningur 2016		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Sértekjur		39.476.999
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	39.476.999
Gjöld		
Almennur rekstur stofnunar		211.563.295
Uppbygging og verndaraðgerðir á minjastöðum		35.487.594
Veittir styrkir skv. ákvörðun ríkisstjórnar		27.000.000
	Gjöld samtals	274.050.889
Tekjur umfram gjöld		-234.573.890
Framlag úr ríkissjóði til reksturs		209.800.000
Framlag úr ríkissjóði til styrkveitingar		27.000.000
	Hagnaður/-tap ársins	2.226.110
Fluttar fjárheimildir frá 2015 vegna ólokinna verkefna um áramót		2.466.485
Höfuðstóll í árslok		4.692.595

3.2 Fornminjasjóður - rekstrarreikningur

Afgangur af fjárheimildum fornminjasjóðs í árslok 2016, að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 2015, var kr. 6.914.464. Var hann fluttur óskertur á milli ára til hækkunar höfuðstóls sjóðsins á árinu 2017. Sjá nánar kaflann *Fornminjasjóður* á bls. 36.

Rekstrarreikningur 2016		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Sértekjur		0
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	0
Gjöld		
Stofnkostnaður		
610 Fornminjasjóður		46.788.686
	Gjöld samtals	46.788.686
Tekjur umfram gjöld		-46.788.686
Framlag úr ríkissjóði		44.200.000
	Hagnaður/-tap ársins	-2.588.686
Fluttar fjárheimildir frá árinu 2015		9.503.150
Höfuðstóll í árslok		6.914.464

3.3 Húsafriðunarsjóður - rekstrarreikningur

Afgangur af fjárheimildum húsafriðunarsjóðs í árslok 2016, að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 2015, var kr. 35.764.079. Var hann fluttur óskertur á milli ára til hækkunar höfuðstóls sjóðsins á árinu 2017. Sérstakri fjárheimild, 150 milljónir króna, var veitt til sjóðsins á árinu 2016 til að styrkja sveitarfélög við gerð tillagna um verndarsvæði í byggð vegna nýrra laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Sjá nánar kaflann *Húsafriðunarsjóður* á bls. 37.

Rekstrarreikningur 2016		
Húsafriðunarsjóður		
Tekjur		
Sértekjur		49.887.000
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	49.887.000
Gjöld		
Stofnkostnaður		
610 Húsafriðunarsjóður		299.328.294
	Gjöld samtals	299.328.294
Tekjur umfram gjöld		-249.441.294
Framlag úr ríkissjóði til almennra styrkveitinga		101.500.000
Framlag úr ríkissjóði til verndarsvæða í byggð		150.000.000
	Hagnaður/-tap ársins	2.058.706
Fluttar fjárheimildir frá árinu 2015		33.705.373
Höfuðstóll í árslok		35.764.079

Sértekjur í rekstrarreikningi húsafriðunarsjóðs eru framlög sveitarfélaga sem greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

3.4 Styrkir til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum og styrkir úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Öllum verkefnum sem fengu sérstakt fjármagn í úthlutun ríkisstjórnarinnar vegna brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum árið 2015 tókst að ljúka árið 2016. Yfirlit yfir verkefnin má sjá á heimasíðu Minjastofnunar.

Í mars úthlutaði Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkjum til verkefna árið 2016. Minjastofnun fékk í þeirri úthlutun fjármagn til að vinna að þremur verkefnum: fullnaðarhönnun vegna bætts aðgengis að Borgarvirki, endurbættu aðgengi og bættri upplýsingagjöf á Selatöngum á Reykjanesi og öryggisráðstöfunum og bættri upplýsingagjöf við flakið á Tanga í Mjóafirði.

Lagning nýrra göngustíga, uppsetning nýrrar brúar og nestisaðstöðu, sem allt er ætlað hreyfihömluðum, við Stöng í Þjórsárdal er meðal þeirra verkefna sem lokið var við á árinu 2016.

4. Rannsóknir og miðlun

4.1 Rannsóknir

Alls voru veitt 55 leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér en tveimur umsóknum var hafnað, annarri vegna reynsluleysis umsækjanda og hinni vegna þess að um var að ræða friðlýstar minjar, en rannsóknir á þeim eru einungis leyfðar í undantekningartilfellum. Þrjú af veittum leyfum voru ekki nýtt þetta árið.



Árið 2016 voru vísindarannsóknir í meirihluta, líkt og fyrri ár. Dreifing rannsókna á landsvísu var jafnari en árið 2015 en þó hallar mjög á Austurland og Suðurnes því einungis fór fram einn uppgröftur á hvoru svæði.



Lista yfir veitt leyfi má finna á heimasíðu Minjastofnunar.

4.2 Miðlun

Starfsmenn Minjastofnunar skrifuðu sem fyrr greinar í innlend og erlend tímarit og bækur, héldu fyrirlestra og kenndu á ýmsum námskeiðum. Lista yfir fyrirlestra, greinar og slíkt má finna undir *Gagnasafn* á heimasíðu Minjastofnunar (www.minjastofnun.is).

4.2.1 Skráning menningarminja

Nýtt skilaferli fornleifaskráningargagna, sem unnið var að 2015, var formlega kynnt á vormánuðum 2016. Eru skrásetjarar þegar farnir að skila skráningargögnum samkvæmt því.

Áfram var unnið að söfnun eldri fornleifaskráningargagna svo hægt væri að koma þeim inn á kortavefsjá Minjastofnunar. Var áhersla lögð á skilaskyld gögn, þ.e. gögn sem hafa orðið til eftir 1. janúar 2013. Í nóvember var í því sambandi sent bréf til sveitarstjórna í landinu þar sem krafist var skila á umræddum gögnum fyrir 1. júní 2017. Jafnframt var sveitarstjórnum tilkynnt að skipulagsmál, sem kæmu inn á borð Minjastofnunar eftir 1. janúar 2017, myndu ekki hljóta afgreiðslu fyrr en öllum gögnum hefði verið skilað. Var samhljóða bréf einnig sent á aðila er starfa að fornleifaskráningu í landinu.

Áfram var unnið að þróun kortavefsjár Minjastofnunar sem undir lok árs innihélt upplýsingar um 6944 fornleifar. Meðal breytinga sem gerðar voru á vefsjánni er möguleiki á að færa fleiri en eina skráningu á sömu fornleif. Einnig voru gerðar breytingar á tengingum við fornleifaskráningarskýrslur og verður nú hægt að tengjast þeim um vefslóðir.

Á árinu 2016 var einnig haldið áfram að skrá í gagnagrunn Minjastofnunar þau hús og mannvirki sem fjallað var um með einum eða öðrum hætti hjá stofnuninni. Sérstök áhersla var þó lögð á að bæta skrá yfir friðuð hús á landinu, þ.e. er þau sem náð hafa hundrað ára aldri. Jafnframt var unnið að gerð nýs skráningarforms fyrir húsaskráningu. Allir sem skrá hús og mannvirki í tengslum við skipulagsvinnu sveitarfélaga þurfa nú að nota það form til að skráningin fullnægi þeim kröfum sem Minjastofnun setur og kveðið er á um í 15. og 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

4.2.2 Átak í skráningu og eftirliti með strandminjum

Menningarminjar eiga víða undir högg að sækja sökum landbrots og ágangs sjávar við strendur landsins og er fjöldi minja þegar horfinn eða á leið í sjó. Til að bregðast við þessum vanda var auglýst sérstök staða verkefnisstjóra til að hafa umsjón með strandminjum umhverfis landið og 10 milljónum króna að auki varið til verkefnisins. Í stöðuna var ráðinn Guðmundur Stefán Sigurðarson, fornleifafræðingur, og hóf hann störf 1. júní 2016.

Auk þess að afla upplýsinga um strandminjar og kortleggja þau svæði sem eru í mestri hættu snýr verkefnið að forgangsröðun staða til fornleifaskráningar, frekari verndunar og/eða rannsókna.

Fyrstu mánuðir Guðmundar í starfi fóru að mestu í gagnaöflun, ferðir á staði og viðtöl við heimamenn sem og að afla upplýsinga um þá aðferðafræði sem beitt hefur verið við svipuð verkefni í nágrannalöndunum.

Óskað var eftir tilboðum í fornleifaskráningu þriggja strandsvæða þann 11. október 2016 með fresti til 1. nóvember. Svæðin sem um ræðir eru: 1) vestanvert Reykjanes frá Garðskagavita að Reykjanestá, 2) utanvert Snæfellsnes frá Ólafsvík að Hellnum, 3) strandlengjan frá Þingeyri við Dýrafjörð að Hrafnseyri við Arnarfjörð. Alls bárust ellefu mismunandi tilboð í verkefnin frá fimm aðilum. Ákveðið var að semja við Ragnar Edvardsson um skráningu á svæðum 2 og 3 en Fornleifastofnun Íslands ses. um skráningu á svæði 1. Skráningu þessara svæða lauk í júní 2017.

Stefnt er á framhald á þessari vinnu. Forgangsraða þarf fleiri strandsvæðum til skráningar og taka afstöðu til aðgerða á svæðum þar sem vitað er af minjum sem liggja undir skemmdum. Auk þess þarf að tryggja áframhaldandi fjármögnun verkefnisins.

4.2.3 Útgáfa

Fréttabréf

Minjastofnun gaf út sjö rafræn fréttabréf á árinu. Áskrifendur að fréttabréfinu eru rúmlega 400 talsins, einstaklingar sem og stofnanir/fyrirtæki.

Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2013

Á árinu kom út yfirlit yfir fornleifarannsóknir sem höfðu jarðrask í för með sér árið 2013. Er þetta fyrsta yfirlitið af þessum toga sem stofnunin gefur út en stefnt er að því að gefa út yfirlit sem þetta fyrir árin 2014, 2015 og 2016 fljótlega og árlega eftir það.

4.2.4 Ráðstefnur og fundir

Engir meiri háttar fundir eða ráðstefnur voru haldin á árinu 2016. Ársfundur Minjastofnunar Íslands 2016 féll niður.

Einar Ísaksson, minjavörður Vestfjarða, sést hér, með fríðu föruneyti, skipta út friðlýsingarhæl við minjar í Skagafirði. Myndin var tekin í skráningarferð minjavarða um Norðurland vestra.

5. Inn- og útflutningur menningarminja

Um skilyrði til leyfisveitinga vegna útflutnings menningarminja er fjallað í 44. til 50. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Skylt er að senda umsóknir um leyfi til útflutnings til Minjastofnunar, en þar til gerð eyðublöð og nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar http://www.minjastofnun.is/minjar/utflutningur-menningarverdmaeta/.

Alls bárust 23 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta árið 2016.



Tilgangur laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011 er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögmætum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náið samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig málið varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis sé kunnugt um þá. Skulu lögregluyfirvöld aðstoða við þá leit ef þörf er á.

Tollyfirvöld eiga einnig tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins. Engin slík mál komu upp á árinu 2016.

Dagana 8.-9. desember sat Agnes Stefánsdóttir, sviðsstjóri, samnorrænan fund um ólöglegan innflutning menningarminja frá stríðshrjáðum löndum. Ráðstefnan var haldin í Stokkhólmi í Svíþjóð til að fylgja eftir ráðstefnu sem haldin var í Osló í desember 2015. Ætlunin er að halda samstarfinu áfram.

Þann 21. nóvember hélt Agnes Stefánsdóttir auk þess fyrirlestur á námskeiði fyrir tollverði í Tollskólanum um inn- og útflutning menningarminja.

6. Umhverfi og skipulag

Eitt af mikilvægustu verkefnum Minjastofnunar Íslands er eftirlits- og umsagnarhlutverk stofnunarinnar varðandi ýmiskonar framkvæmdir. Eru þær allt frá breytingum á friðuðum og friðlýstum húsum að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga.







6.1 Verndarsvæði í byggð

Árið 2015 gengu í gildi ný lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og þann 9. júní 2016 gaf forsætisráðherra út reglugerð með lögunum nr. 575/2016. Í framhaldi af því var auglýst eftir umsóknum um styrki til sveitarfélaga til að láta vinna tillögur að verndarsvæði í byggð. Veittir voru styrkir til 19 sveitarfélaga til 21 verkefnis. Haldinn var fundur með styrkþegum í Reykjavík þann 17. október á Hótel Sögu. Fundurinn var haldinn til að kynna tilgang og markmið verndarsvæða í byggð og skýra nánar verklag við umsóknir, s.s. kröfur um skilagögn. Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Magnús Freyr Gíslason áttu fund með starfsmönnum Riksantikvaren í Osló í október til að ræða um og læra aðferðir við mat á varðveislugildi byggða.

7. Verndun og friðlýsingar

7.1 Úttektir og fundir á sviði húsverndar

Engar viðamiklar úttektir voru gerðar á sviði húsverndar á árinu. Þó var farin ferð til Eskifjarðar í byrjun árs þar sem skoðaðar voru skemmdir vegna óveðursins sem gekk yfir landið í lok desember 2015. Sjóhúsin á Eskifirði voru skoðuð sérstaklega og voru mörg þeirra illa leikin eftir veðurofsann auk bryggja og annarra mannvirkja sem þeim tilheyra.

Pétur H. Ármannsson fór í nokkrar ferðir til að skoða byggingar og ástand þeirra. M.a. fór hann að Stóra-Núpi, Laugardælum, í Fljótshlíð til að skoða Kollabæ, Múlakot og Barkarstaði, austur á Firði til að skoða Randulfssjóhús og Lúðvíkshús og til Vestmannaeyja vegna ráðhússins.

Miklar skemmdir urðu á sjóhúsum og tilheyrandi mannvirkjum á Eskifirði í óveðri í lok árs 2015. Starfsmenn Minjastofnunar fóru og skoðuðu skemmdirnar í janúar 2016.

7.2 Friðlýsingar

Að tillögu Minjastofnunar Íslands friðlýsti forsætisráðherra eftirtalin hús á árinu 2016:

Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað. Friðlýsingin nær til ytra borðs skólahússins ásamt upprunalegum innréttingum í vefstofu, skrifstofu skólastjóra, anddyri og svokallaðri Höll, sem er samkomustaður í miðju hússins. Undanþegnar friðlýsingu eru seinni tíma viðbyggingar og múrklæðning á útveggjum.

Sumarhúsið Ísólfsskála á Stokkseyri, sem byggt var fyrir Pál Ísólfsson dómorganista. Friðlýsingin tekur til hússins í heild auk steinhlaðinna garða á lóðamörkum.

Gamla barnaskólann, Strandgötu 5 á Bíldudal. Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins.

Breiðabólsstaði á Álftanesi. Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins.

Fischershús, Hafnargötu 2 í Reykjanesbæ. Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins, upprunalegra innviða, búðarinnréttingar og leifa hlaðinna steinveggja á lóð þess.

Bryggjuhús, Duusgötu 2 í Reykjanesbæ. Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins, upprunalegra innviða þess, lyftuhjóls og tengds búnaðar og steinhleðslna á lóð sjávarmegin við húsið.

Bíósal, Duusgötu 4 í Reykjanesbæ. Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins og upprunalegra innviða þess.

Gömlu búð, Duusgötu 5 í Reykjanesbæ. Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins og upprunalegra innviða þess.

Breiðabólsstaðir á Álftanesi.

7.3 Tillögur um friðlýsingu

Minjastofnun Íslands sendi engar nýjar tillögur að friðlýsingum til ráðherra á árinu.

7.4 Endurskoðun friðlýsingaskrár fornleifa

Áfram var unnið að endurskoðun friðlýsingaskrárinnar sem meðal annars felur í sér skráningu minjastaða á vettvangi. Fóru starfsmenn Minjastofnunar í skráningarferð um Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýslu í september þar sem skráðir voru um 40 friðlýstir minjastaðir. Einnig var farið í Mýrdalshrepp í V-Skaftafellssýslu þar sem friðlýstar minjar voru m.a. skráðar í Hjörleifshöfða.

Hafa nú verið skráðir 678 friðlýstir minjastaðir af 852.

7.5 Verndaráætlanir

Á árinu voru undirritaðar tvær nýjar verndaráætlanir fyrir annars vegar minjasvæðið í Skálholti og hins vegar minjasvæðið á Laugarnestanga í Reykjavík. Verndaráætlunum er ætlað að tryggja verndun menningarminja á svæðinu og veita leiðsögn um samspil verndar og nýtingar, skipulags og reksturs.

Kristín Huld Siguðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, og Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, takast í hendur við undirritun verndaráætlunar fyrir minjasvæðið í Skálholti 2. maí 2016.

8. Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir fara upplýsingar um nokkur þeirra.

8.1 Innlend verkefni

8.1.1 Samvinna

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns og Iðunnar fræðsluseturs. Veitt er frí ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns fyrir svörum alla miðvikudaga frá kl. 15-17 og einnig í síma á sama tíma. Ekki þarf að panta tíma heldur einungis að mæta á staðinn. Húsverndarstofa er vettvangur þar sem hægt er að leita sér upplýsinga áður en hafist er handa við viðgerðir á eldri húsum hvort heldur sem er fyrir eigendur eða hönnuði og smiði er koma að verkinu.

Húsaverndarstofa er í Kjöthúsinu á Árbæjarsafni (opnunartíma má sjá á heimasíðum Árbæjarsafns og Minjastofnunar Íslands).

Hægt er að fylgjast með opnunartíma á heimasíðum þeirra sem koma að húsverndarstofu.

Í maí stóð Húsverndarstofa fyrir fræðslufundi um viðhald og viðgerðir eldri húsa í Kornhúsinu í Árbæjarsafni. Á fundinum fjölluðu sérfræðingar á sviði málunar og utanhússviðhalds um yfirborðsmeðhöndlun utanhúss, þ.e. málun útveggja, hurða, glugga og þaka, verndun yfirborðs fyrir tæringu, fúa og öðru niðurbroti og mismunandi efni og aðferðir við að hreinsa, verja, grunna og mála hús.

8.1.2 Kirkjur Íslands

Ekki bættust útgefin bindi við ritröðina Kirkjur Íslands, þar sem fjallað er um allar friðaðar kirkjur á Íslandi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu, en unnið var hörðum höndum að útgáfu binda 26, 27 og 28, sem koma út árið 2017. M.a. munu í þeim bindum vera kaflar eftir þau Einar Ísaksson minjavörð Vestfjarða, Guðlaugu Vilbogadóttur verkefnastjóra og Þór Hjaltalín minjavörð Norðurlands vestra. Að útgáfunni standa Minjastofnun Íslands, Biskupsstofa og Þjóðminjasafn Íslands í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag.

Nánari upplýsingar um verkefnið og útgefin bindi má finna á heimasíðu Minjastofnunar.

8.1.3 Nefndir

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, Breiðafjarðarnefnd og ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

- Forstöðumaður er fulltrúi stofnunarinnar í kirkjugarðaráði og í ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þar sem minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, er varamaður.

- Minjavörður Vesturlands er einnig fulltrúi stofnunarinnar í Breiðafjarðarnefnd og er Agnes Stefánsdóttir varamaður. Sat minjavörðurinn sjö fundi á árinu í nefndinni.

Rúnar Leifsson, minjavörður Norðurlands eystra, var á árinu skipaður af umhverfisráðherra í starfshóp sem hefur það að markmiði að greina möguleika og vinna tillögur að hugsanlegri uppbyggingu og skipulagi að Hofsstöðum í Mývatnssveit.

8.2 Erlend verkefni

Minjastofnun Íslands á fulltrúa í stjórn *EAC – European Archaeological Council,* samtökum evrópskra stjórnsýslustofnana sem bera ábyrgð á fornleifaarfinum. Stjórnarfundir eru haldnir þrisvar sinnum á ári auk aðalfundar og ráðstefnu einu sinni á ári. Fulltrúi Minjastofnunar mætti á stjórnarfundi í Nitra í Slóvakíu 15.-16. janúar auk aðalfundar í Brighton í Englandi 17.-18. mars. Í framhaldi af aðalfundinum var árleg ráðstefna EAC. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var *Digital Archaeological Heritage*.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi *þjóðminjavarða Norðurlandanna* og fundi *forstöðumanna minjastofnana Evrópu (European Heritage Heads Forum).*

Fundur þjóðminjavarðanna árið 2016 var haldinn í Visby á Gotlandi dagana 22. – 24. ágúst. Á fundinum var fjallað almennt um starfsemi embættanna og það sem efst var á baugi í hverju landi. Einnig voru rædd tvö meginþemu á fundinum: 1) nytsemi menningarminja fyrir samfélagið, nýting niðurstaðna rannsókna í minjavörslu og möguleg þróun aðferðafræði við að mæla virði og nytsemi menningarminja, 2) endurnýting menningarminja, t.d. aflagðar kirkjur og minjaheildir, og hvernig slík endurnýting geti haft þýðingu fyrir samfélagið.

Fundur forstjóra minjastofnana Evrópu, EHHF, var haldinn í Bern í Sviss. Meginefni fundarins að þessu sinni var þríþætt: stefnumótun í minjavernd í Evrópu á 21. öldinni, menningararfsár Evrópu sem haldið verður hátíðlegt 2018, minjar og stríðsátök. Á fundinum tók forstöðumaður Minjastofnunar við formennsku í stjórn EHHF til eins árs.

Frá fundi forstjóra minjastofnana Evrópu sem haldinn var í Bern í Sviss í maí 2016.

Minjastofnun Íslands er fulltrúi Íslands vegna *Evrópsku menningarminjadag-anna* (e. European Heritage Days eða EHD). Minjastofnun Íslands tók árið 2016 þátt í Evrópsku menningarminjadögunum sem eru haldnir ár hvert í þeim 50 löndum sem eiga aðild að Menningarsáttmála Evrópu. Þema ársins var „Minjar og mannlíf“. Viðburðirnir voru af ýmsum toga hringinn í kringum landið og tengdust allir á einn eða annan hátt mannlífi og sögu fyrri tíma hérlendis. Allir viðburðirnir áttu það sameiginlegt að vera í höndum aðila sem starfa með menningarminjar og hljóp fjöldi gesta á hundruðum. Minjastofnun á fulltrúa í starfshópi menningarminjadaganna og kemur að skipulagningu þeirra á Evrópuvísu. Aðalfundur EHD fór fram í Madrid daganna 17. – 19. október.

9. Minjasvæðin

Skrifstofur minjavarða Minjastofnunar Íslands eru vettvangur og miðstöð minjavörslunnar í héraði. Á skrifstofunum er hægt að leita sér upplýsinga um fornleifar, hús og minjamál á svæðinu og fá leiðbeiningar um hvaðeina er varðar minjar og skipulag, framkvæmdir, nýtingu, miðlun, rannsóknir og varðveislu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja.

Minjaráð eru samráðsvettvangur um varðveislu og nýtingu menningarminja á hverju minjasvæði. Minjaráð beita sér fyrir verkefnum á sviði minjavörslu, til eflingar byggðar og atvinnusköpunar.

Fundir minjaráða eru haldnir a.m.k. tvisvar á ári og eru fundargerðir birtar undir hverju minjasvæði á heimasíðu Minjastofnunar Íslands.

9.1 Reykjavík og nágrenni

Hegningarhúsið við Skólavörðustíg sem tekið var úr notkun sem fangelsi á árinu, en það hafði gegnt því hlutverki frá upphafi, eða frá árinu 1874.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir tók við starfi minjavarðar Reykjavíkur og nágrennis á árinu, og er hún einnig verkefnisstjóri verndarsvæða í byggð.

Meginhluti þeirra erinda sem koma til afgreiðslu minjavarðar snerta niðurrif og breytingar húsa í Reykjavík og Hafnarfirði. Húsið við Tryggvagötu 12 í Reykjavík var rifið án heimildar og var það kært til lögreglu. Um mitt ár var Hegningarhúsið í Reykjavík tekið úr notkun sem fangelsi. Gunnþóra Guðmundsdóttir minjavörður Reykjavíkur sat í starfshópi sem Innanríkisráðuneytið skipaði um framtíð hússins og tók þátt í því að undirbúa endurbætur á húsinu á vegum Ríkiskaupa.

Minjaráð hélt tvo fundi á árinu, 9. júní og 8. nóvember, og voru á þeim rædd ýmis mál sem snerta menningarminjar á svæðinu.

Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis:

Guðný Gerður Gunnarsdóttir formaður, minjavörður Höfuðborgarsvæðisins

Nikulás Úlfar Másson, byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar

Sólveig Jóhannsdóttir, umhverfisfulltrúi í Kópavogi
Björn Pétursson, forstöðumaður Byggðasafns Hafnarfjarðar
Anna Lísa Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur
Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar
Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar

9.2 Suðurnes

Byrgi vegagerðarmanna sem lögðu veg til Grindavíkur á árunum 1914-1918. Byrgið er við núverandi Grindavíkurveg sem aðeins grillir í á myndinni.

Eins og undanfarin ár var ekki minjavörður í fullu starfi á Suðurnesjum en minjavörslu á svæðinu var sinnt af starfsmanni á aðalskrifstofu Minjastofnunar Íslands í Reykjavík. Eins og gefur að skilja sitja mörg málefni í minjavörslu á hakanum þegar málum er þannig háttað. Umsagnir um skipulagsmál voru það sem gekk fyrir á minjasvæðinu á árinu.

Í Grindavík er starfandi mjög öflugt félag heimamanna, Minja- og sögufélag Grindavíkur. Félagið hefur sýnt varðveislu gamla bæjarins í Grindavík mikinn áhuga og áttu forsvarsmenn þess fundi með fulltrúum Minjastofnunar vegna deiliskipulags gamla bæjarins og áhuga á því að hann fengi stöðu verndarsvæðis í byggð. Starfandi minjavörður svæðisins og forstöðumaður Minjastofnunar Íslands fóru einnig á fund nokkurra félagsmanna 28. apríl þar sem minjamál bæjarfélagsins voru rædd og merkar minjar skoðaðar.

Minja- og sögufélag Grindavíkur vinnur að því í samráði við Minjastofnun og Vegagerðina að láta gera afsteypu af skjaldarmerkinu sem var á Reykjanesvita við vígslu hans 1908. Vegagerðin hefur varðveitt skjöldinn. Afsteypunni á að koma fyrir á vitanum þar sem upprunalega skjaldarmerkið var.

Á árinu var einnig stofnað annað félag, Áhugahópur um Jamestownstrandið árið 1881, sem Minjastofnun átti nokkur samskipti við. Tilgangur hópsins er m.a. að safna saman upplýsingum um hvað varð um farm skipsins Jamestown sem strandaði við Hafnir árið 1881. Talið er að í skipinu hafi verið um 100 þúsund

plankar sem notaðir voru til húsbygginga og smíði ýmis konar gripa á Suðurnesjum og víðar á landinu.

Minjaráð Suðurnesja:

Kristinn Magnússon formaður, verkefnastjóri hjá Minjastofnun Íslands
Eysteinn Eyjólfsson, varabæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ
Eydís Mary Jónsdóttir, staðgengill forstöðumanns Þekkingarseturs Suðurnesja
Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar
Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Garðskaga
Eggert S. Jónsson, verkefnastjóri hjá Reykjanes Geopark
Helga Ragnarsdóttir, Minja- og sögufélagi Vatnsleysustrandar

9.3 Vesturland

Magnús A. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands, skoðar skemmdir á minjum í Seljadal á Snæfellsnesi.

Árið 2016 var nokkuð hefðbundið á Vesturlandi. Ekki var mikið um uppgrefti á Vesturlandi á árinu. Helst er að nefna rannsóknir Steinunnar Kristjánsdóttir á Helgafelli og í Hítardal þar sem hún leitaði klausturminja. Kevin Martin, fornleifafræðingur, var auk þess með rannsókn á Arnarstapa og Jakob Orri Jónsson, fornleifafræðingur, á Miðvöllum þar sem þeir könnuðu minjar frá einokunartíma. Einnig var Kevin við rannsóknir á 17. aldar flaki í Flatey þar sem minjavörður Vesturlands aðstoðaði hann vegna fyrri starfa hans við flakið. Minjavörður Vesturlands fór einnig ásamt Kristni Magnússyni, verkefnastjóra, í Seljadal á Snæfellsnesi og mældi þar upp minjar og skrásetti skemmdir sem á þeim hafa orðið á síðustu árum vegna hækkunar vatnsyfirborðs í vatni sem minjarnar standa við, en vatnið er notað til að jafna sveiflur í vatnshæð vegna virkjunar á svæðinu. Einnig var farið í hellinn Víðgelmi og kannað hvort minjar

væru hættu vegna framkvæmda og aukinnar ásóknar ferðamanna í hellinn. Svo reyndist ekki vera.

Minjaverðir Vesturlands og Vestfjarða fóru saman að Illþurrku á Skarðströnd og mældu þar upp minjar. Getgátur eru um að eiginkona Geirmundar heljarskinns sé heygð þar. Einnig teiknaði minjavörður Vesturlands upp iðnaðarminjar við Snæfellsjökul frá tímum vikurnáms Jóns Loftssonar. Þar eru miklar minjar um viðarstokka og hleðslur sem voru notaðar til að fleyta vikri niður af fjallinu.

Var haldinn einn fundur í minjaráði Vesturlands, þann 25. nóvember í Borgarnesi, þar sem meðal annars var farið yfir „Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum“ og rætt um mögulega staði til að leggja fram til þeirrar áætlunar.

Minjaráð Vesturlands:

Magnús A. Sigurðsson formaður, minjavörður Vesturlands

Eyþór Garðarsson, forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði

Einar Brandsson, varaforseti bæjarstjórnar á Akranesi

Jón Allansson, forstöðumaður Safnasvæðisins á Akranesi

Ágúst Ó. Georgsson, safnvörður þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands

Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi og varamaður í sveitarstjórn Skorradalshrepps

Sigurður Þórólfsson, bóndi

9.4 Vestfirðir

Ranakofinn í Svefneyjum. Kofinn er friðlýstur og var mældur upp af minjaverði á árinu.

Margar umsóknir um verkefni á minjasvæðinu bárust í fornminjasjóð árið 2016 og fengu fjögur þeirra styrkveitingu úr sjóðnum. Voru þau verkefni fjölbreytt: uppgröftur á Hrafnseyri og Auðkúlu í verkefninu „Arnarfjörður á miðöldum“,

uppgröftur í Kolgrafarvík á Stöndum, úrvinnsla rannsóknarinnar í Hringsdal í Arnarfirði og fornleifaskráning strandminja í hættu á sunnanverðum Vestfjörðum. Fjölmargar rannsóknir fóru auk þess fram á svæðinu, bæði vegna framkvæmda og í rannsóknarskyni.

Skrúður í Dýrafirði kom þó nokkuð við sögu árið 2016 en landeigendur og Minjastofnun hafa haft gott samstarf um að halda upprunalegri heildarásýnd skrúðgarðsins.

Minjavörður Vestfjarða og starfsmenn Minjastofnunar á Sauðárkróki könnuðu á árinu eðli og umfang minja í hættu í Sandvík á Bæ í Steingrímsfirði, en mikið rof hefur verið við sjávarkambinn í Sandvík um langa hríð. Voru snið hreinsuð og tekin sýni, s.s. gjósku- og jarðvegssýni.

Undir haustið kom Guðmundur Stefán Sigurðarson, verkefnastjóri strandminja hjá Minjastofnun, í ferð til Vestfjarða. Ferðinni var heitið að friðlýstum minjasvæðum og öðrum fornleifum í hættu á sunnanverðum Vestfjörðum. Breiðavíkurver, Kollsvíkurver og fornleifar í Hænuvík voru meðal þess sem skráð var og mælt upp.

Minjavörður Vestfjarða lauk við skrif í Kirkjur Íslands og hefur hann notið dyggrar aðstoðar frá kunnugu fólki víðs vegar úr Ísafjarðardjúpi, en ný bindi um friðaðar kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi koma út á vordögum 2017.

Enginn minjaráðsfundur var haldinn á árinu.

Minjaráð Vestfjarða:

Einar Ísaksson formaður, minjavörður Vestfjarða

Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi í bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar

Ingibjörg Emilsdóttir, fulltrúi í sveitarstjórn Strandabyggðar

Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða

Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands

Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða

Nanna Sjöfn Pétursdóttir, skólastjóri Grunnskóla Vesturbyggðar

9.5 Norðurland vestra

Drónamynd af Bjargi í Miðfirði. Þar var ábúandi að leggja strengi á milli húsa þegar hann tók eftir mannabeinum. Lét hann Minjastofnun vita og reyndust beinin tilheyra áður óþekktum kirkjugarði frá því um árið 1000.

Fjöldi formlegra umsagnarmála var svipaður á Norðurlandi vestra og á síðasta ári. Stórframkvæmdum í tengslum við línulagnir heldur áfram að fjölga og munar þar kannski mest um ljósleiðaravæðingu landsins. Auk hefðbundinna umsagna um byggingareiti og skipulagsmál hefur umsögnum um hús og ýmiskonar ráðgjöf og þjónusta við húseigendur fjölgað umtalsvert síðan Minjastofnun var sett á laggirnar árið 2013. Í þessu sambandi má t.d. nefna verkefnið um uppbyggingu gamla torfbæjarins að Þorljótsstöðum í Vesturdal í Skagafirði sem hlotið hefur styrki úr húsafriðunarsjóði. Einnig má nefna samskipti og eftirlit vegna fornleifarannsókna, en þar ber hæst rannsóknir á Hegranesi á vegum bandarískra fornleifafræðinga undir stjórn John Steinbergs í samvinnu við Byggðasafn Skagfirðinga, Skagfirska Kirkjurannsóknin á vegum Guðnýjar Zoéga hjá Byggðasafni Skagfirðinga, en á vegum hennar fór fram viðamikill uppgröftur á kirkjugarðinum í Keflavík í Hegranesi, og einnig rannsóknir Steinunnar Kristjánsdóttur á klaustrum, en uppgröftur fór fram á hennar vegum bæði á Þingeyrum og Reynistað á árinu.

Skrif í ritröðina *Kirkjur Íslands* tóku drjúgan tíma í starfi minjavarðar á árinu, sérstaklega á vormisseri og fram á sumar. Fjölluðu þau um kirkjur í Vestfjarðaprófastsdæmi: Mýrakirkju, Sæbólskirkju, Kirkjubólskirkju og Holtskirkju. Í því sambandi voru farnar vettvangsferðir vestur m.a. til að skoða guðshús.

Í starfi minjavarðar þarf oft að bregðast við óvæntum uppákomum þar sem minjar finnast við framkvæmd verks eða að minjar liggja undir skemmdum. Tilkynnt var um beinafund á Bjargi í Miðfirði og fór minjavörður ásamt Guðmundi St. Sigurðarsyni, verkefnastjóra, á vettvang til að kanna aðstæður. Kom í ljós að grafið hafði verið þvert í gegnum fornan kirkjugarð sem ekki var vitað um áður. Voru sniðin teiknuð og svæðið skráð og ljósmyndað. Einnig fór fram minniháttar rannsókn að Bæ, Sandvík á Ströndum, en þar voru minjar að brotna í sjó. Var sniðið teiknað og sýni tekin úr því til frekari greiningar. Niðurstöðurnar bentu til að minjarnar væru frá 10. öld. Svæðið var skráð og myndað með dróna.

Minniháttar rannsókn fór einnig fram á Þingeyrum. Voru tekin kjarnasýni úr hinum meinta dómhring til að freista þess að aldursgreina hann út frá gjóskulögum. Mátti finna gjósku úr Heklugosinu 1104 í torfi, en yngri gjósku var ekki að finna í sýnunum og fengust því ekki nægilega eindregnar niðurstöður.

Haldnir voru tveir minjaráðsfundir á árinu og voru þar rædd ýmis brýn mál minjavörslu. Fundirnir voru haldnir á Hólum í Hjaltadal 23. febrúar, þar sem sérstaklega var rætt um gerð húsakannanna og um verndarsvæði í byggð, og á Hvammstanga 16. desember, þar sem fjallað var sérstaklega um strandminjar í hættu og unnin ályktun um varðveislu minja á Glaumbæjartúni.

Minjaráð Norðurlands vestra:

Þór Hjaltalín, formaður, minjavörður Norðurlands vestra

Gunnsteinn Björnsson, fulltrúi í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra

Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga

Guðmundur Lúther Hafsteinsson, safnvörður húsasafns Þjóðminjasafns Íslands

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, lektor við ferðamáladeild Háskólans á Hólum

Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi Norðurlands vestra

9.6 Norðurland eystra

Laufáskirkja í Grýtubakkahreppi, byggð 1862.

Nýr minjavörður, Rúnar Leifsson, tók við minjasvæði Norðurlands eystra á árinu. Hann hóf störf að loknu feðraorlofi þann 1. mars.

Í mörg horn var að líta á Norðurlandi eystra vegna verkefna við skipulagsmál og framkvæmdir. Eitt viðamesta skipulagsmál ársins tengdist fyrirhugaðri stórskipahöfn og iðnaðarsvæði við Dysnes í Hörgársveit. Þar setti Minjastofnun kröfu um umfangsmiklar fornleifarannsóknir sem fyrirhugað er að hefjist sumarið 2017.

En önnur fjölbreytt minjaverndarmál komu einnig við sögu á árinu. Kortlagning friðlýstra fornleifa hélt áfram og fór minjavörður m.a. í ferð um Norður-Þingeyjarsýslu til að mæla upp og kanna ástand friðlýstra minjastaða í sýslunni. Óvæntir fornleifafundir litu dagsins ljós á minjasvæðinu og ber þar hæst jarðfundin mynt úr silfri sem fannst í Aðaldal. Hún var slegin í Noregi milli 1065 – 1080 í tíð Ólafs kyrra Noregskonungs, sonar Haraldar harðráða. Einnig má nefna brot af skipsflaki sem kom síðla árs í troll togara á veiðum út af Eyjafirði. Um er að ræða brot af síðu nokkuð stórs skips úr viði og er það nú þessum rituðum orðum í aldursgreiningu.

Eitthvað var um skemmdir á menningarminjum á árinu en stundum fór betur en á horfðist. Í því sambandi ber að nefna Laufáskirkju í Grýtubakkahreppi þar sem hurð skall tvisvar nærri hælum. Í mars féll snjóflóð á kirkjuna sem olli nokkrum skemmdum á friðuðum minningarmörkum í kirkjugarðinum en ekki sá á kirkjunni sjálfri þótt flóðið hefði náð upp á miðjan kór. Minningarmörkin var hægt að laga. Í desember kviknaði svo í kirkjunni út frá rafmagni. Var það nýjum brunaboða og snarræði Laufásprests að þakka að ekki fór á versta veg. Kirkjan sótaðist að innan og duft úr slökkvitæki dreifðist um kirkjuskipið. Minjavörður fékk forvörð af Þjóðminjasafninu til að hreinsa kirkjugripi sem sumir hverjir eru fornir, svo unnt var að messa í kirkjunni um jólin.

Hofstaðir í Mývatnssveit voru í sviðsljósinu á árinu. Jörðin er nú í eigu ríkisins, en á henni er að finna miklar fornminjar. Unnið var deiliskipulag á vegum Minjastofnunar Íslands í heimatúni Hofstaða umhverfis bæjarhól, kirkjugarð og friðlýstan skála frá víkingaöld. Skipulaginu er ætlað að vernda umhverfi Hofstaða og búa í haginn fyrir móttöku ferðamanna sem fyrirséð er að heimsæki staðinn þegar fornleifarannsóknir hefjast þar að nýju á komandi misserum.

Haldinn var einn minjaráðsfundur á árinu, þann 23. nóvember.

Minjaráð Norðurlands eystra:

Rúnar Leifsson formaður, minjavörður Norðurlands eystra

Steinunn María Sveinsdóttir, fulltrúi í bæjarstjórn Fjallabyggðar

Sif Jóhannesdóttir, fulltrúi í bæjarstjórn Norðurþings

Örlygur Kristfinnsson, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands

Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri

Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði – starfsstöð í Ásbyrgi

Baldur Daníelsson, framkvæmdastjóri Urðarbrunns

9.7 Austurland

Bragðavellir í Hamarsfirði. Gamla bogabrúin á Bragðavöllum var byggð yfir Hamarsá árið 1915.

Í byrjun árs 2016 tók nýr minjavörður, Þuríður Elísa Harðardóttir, við á Austurlandi. Flutti hún til Djúpavogs þar sem skrifstofa minjavarðar er til húsa í Geysishúsinu. Með komu nýs minjavarðar fylgdi vinna að kynnast starfinu og mynda sambönd við sveitarfélög og hagsmunaaðila á svæðinu. Með fjölgun ferðamanna hefur skipulagsmálum fjölgað vegna aukinnar uppbyggingar sem hefur fylgt í kjölfarið. Minjavörður hefur því verið mikið á þeytingi auk þess að kynnast svæðinu sem hún þjónar en það nær frá Vopnafirði og út á miðjan Skeiðarársand.

Í byrjun árs fór minjavörður í vettvangsferð til Eskifjarðar ásamt sviðsstjóra umhverfissviðs til að skoða skemmdir á sjóhúsum eftir mikið óveður sem gekk yfir Austurland undir lok ársins 2015. Einnig komu í kjölfar óveðursins í ljós minjar við bæinn Útstekk sem mögulega eru tengdar Breiðavíkurkaupstað við Reyðarfjörð.

Ekki var mikið um fornleifarannsóknir eystra á liðnu ári en ein stór og eftirtektarverð rannsókn var unnin af Fornleifafræðistofunni á Stöð við Stöðvarfjörð. Rannsóknin er unnin með styrk frá Fornminjasjóði meðal annars en einnig er gaman að segja frá því að heimamenn tóku sig saman og stofnuðu félag í tengslum við rannsóknina til að aðstoða við fjármögnun hennar. Á árinu leit einnig nýtt verkefni dagsins ljós sem snýr að verndarsvæðum í byggð. Fjögur sveitarfélög á Austurlandi fengu styrk til að vinna forvinnu vegna umsókna fyrir ákveðin svæði sem geta verið fýsileg sem verndarsvæði í byggð. Þetta eru Vopnarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstaður og Djúpavogshreppur. Spennandi verkefni þar á ferðinni og gaman var að sjá hversu mörg sveitarfélög eystra ákváðu að hefja þessa vinnu.

Minjaráð Austurlands fundaði í nóvembermánuði. Stefnan er að virkja minjaráðið betur og halda fundi oftar á næsta ári.

Minjaráð Austurlands:

Þuríður Elísa Harðardóttir formaður, minjavörður Austurlands

Erla Dóra Vogler, ferða- og menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps

Skúli B. Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar

Vala Garðarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú

Þorvaldur P. Hjarðar, svæðisstjóri vinnueftirlitsins og formaður Ferðafélags Fljótsdalshéraðs

Marínó Stefánsson, tæknimaður á framkvæmdasviði Fjarðabyggðar

9.8 Suðurland

Starfsmenn Minjastofnunar framkvæma neyðarrannsókn vegna sverðsfundar í landi Ytri-Ása í Skaftártungu.

Í mörg horn var að líta á Suðurlandi eins og fyrri ár og hafa hafa skipulagsmál tekið drjúgan skerf af tíma minjavarðar á Suðurlandi. Er frekar aukning í þeim málaflokki frá því sem verið hefur síðastliðin ár.

Framkvæmdir standa enn yfir við Flosagjá á Þingvöllum en þar kom í ljós partur af uppbyggðum Kóngsveginum frá 1906-7. Áætlað er að vernda veginn en jafnframt að hafa hann aðgengilegan.

Hápunktur ársins má segja að hafi verið sverðsfundurinn í landi Ytri – Ása í Skaftártungu sem fékk talsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Í september fundu gæsaskyttur víkingaaldarsverð á austurbakka Eldvatnsins og afhentu Minjastofnun Íslands gripinn. Nokkru síðar fundust svo mannabein á svipuðum slóðum. Fornleifafræðingar á vegum Minjastofnunar fóru tvær ferðir á vettvang

og tóku upp fleiri gripi og mannabein og fundu botn kumlsins. Um stórmerkan fund er að ræða enda hafa ekki mörg sverð fundist frá upphafi Íslandsbyggðar. Kumlfundurinn á Ytri – Ásum er góð áminning um samspil manns og náttúru í gegnum tíðina og hve mikilvægt er að skrá menningarminjar á hættusvæðum þar sem eldgos, flóð og jarðskjálftar eru ekki óalgengir atburðir. Ekki fékkst aukastyrkveiting frá ráðuneytinu til stórvægilegra mótvægisaðgerða á svæðinu en mikilvægt er að hanna áætlun til verndar minjum á slíku flóðasvæði sem Skaftártungan er. Á síðustu árum hefur Eldvatnið hrifsað til sín rústir gamalla húsa og ef ekkert verður að gert er einsýnt að eldra bæjarstæðið á Ytri – Ásum er í stórhættu sem og kirkjugarðurinn og gripahús. Minjastofnun Íslands er þátttakandi í fjölþjóðlegu verkefni þar sem ætlunin er að útbúa skapalón fyrir viðbragðsáætlanir vegna náttúruhamfara og er Skaftártungan annað innlegg af tveimur frá Íslandi. Verkefnið mun standa straum af áætlanagerðinni að stórum hluta en ekki framkvæmdum. Það fjármagn þarf að koma innanlands frá.

Haldnir voru tveir fundir í minjaráði, 6. maí og 7. desember, og var aðaláherslan þar lögð á innviðauppbyggingu.

Minjaráð Suðurlands:

Uggi Ævarsson formaður, minjavörður Suðurlands

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárþings eystra

Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu

Linda Ásdísardóttir, safnvörður í Húsinu á Eyrarbakka

Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri Skógasafns

Ólafía Jakobsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu

Hreinn Óskarsson, skógarvörður Suðurlands, Skógrækt ríkisins

10. Úthlutanir úr sjóðum

Úrvinnsla umsókna í fornminjasjóð og húsafriðunarsjóð fór fram í byrjun árs og var tilkynnt um úthlutanir úr húsafriðunarsjóði 16. mars og úr fornminjasjóði 17. mars.

Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
fornminjasjóði
fyrir árið 2016

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr fornminjasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum, sbr. reglur nr. 578/2014. Úthlutað er styrkjum til eftirfarandi verkefna:

- Rannsókna á fornminjum (fornleifum og forngripum)
- Miðlunar upplýsinga um fornminjar
- Varðveislu og viðhalds fornminja

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli laðurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, bíla og annarra samgöngutækja.

Umsóknir eru metnar með tillit til vísindalegs og menningarsögulegs gildis og þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavernd, ásamt gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfs liðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar 2016. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álíta við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við lög nr. 80/2012 og reglur stofnunarinnar og í samræmi við innsend umsóknargögn.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
fornminjasjodur@minjastofnun.is

10.1 Fornminjasjóður

Vegna styrkúthlutunar árið 2016 var auglýst eftir umsóknum 2. nóvember 2015 og rann umsóknarfrestur út 5. janúar 2016. Auglýst var í dagblöðum, á heimasíðu og „facebook“ síðu stofnunarinnar. Sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 75 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2016, 26 styrkir voru veittir. Sótt var um samtals 165.726.050 kr. en til úthlutunar að þessu sinni voru um 45.150.000 kr.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir fornminjanefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 10.1 Fjárhæðir í þús. króna

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fornleifa-rannsóknir (uppgröftur/skráning)	Miðlun upplýsinga	Varðveisla og viðhald fornminja	Viðhald annarra menningarminja	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	5	1	600	0	0	0	600
Reykjanes	0	0	0	0	0	0	0
Vesturland	10	1	1.000	0	0	0	1.000
Vestfirðir	17	4	6.350	0	0	0	6.350
Norðurland vestra	8	4	8.300	0	0	0	8.300
Norðurland eystra	10	2	4.600	0	0	0	4.600
Austurland	4	1	4.000	0	0	0	4.000
Suðurland	9	5	6.100	2300	0	0	8.400
	63	18	30.950	2.300	0	0	33.250
Fornleifarannsóknir (á landsvísu)	6	4					7.450
Miðlun upplýsinga (ekki staðbundið)	4	3					2.950
Varðveisla/viðhald (ekki staðbundið)	2	1					1.500
Rannsóknir á forngripum	0	0					0
	12	8					
SAMTALS	**75**	**26**					**45.150**

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins má finna undir liðnum sjóðir á heimasíðu Minjastofnunar.

10.2 Húsafriðunarsjóður

Við úthlutun styrkja árið 2016 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af forsætisráðherra 30. maí 2014. Á fundi húsafriðunarnefndar 22. janúar 2016 var samþykkt að breyta reglunum lítillega og voru þær staðfestar af forsætisráðherra 9. júní 2016 (nr. 577/2016). Efnislegar breytingar á reglunum eru ekki miklar, en breytingarnar felast aðallega í því að víkka verksvið húsafriðunarsjóðs og gera Minjastofnun kleift að að efna til aukaúthlutana úr sjóðnum í sérstökum tilvikum. Það ákvæði var nýtt þegar auglýst var sérstaklega eftir umsóknum um styrki til sveitarfélaga til að undirbúa tillögur um verndarsvæði í byggð í lok júní 2016.

Tekjur sjóðsins eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins í upphafi árs.

Árið 2016 nam framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 49.887.000 kr. en framlag ríkissjóðs á fjárlögum var 101.500.000 kr. Að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári, niðurfelldra styrkja á árinu vegna fyrri úthlutana, áætlaðs kostnaðar við starfsemi húsafriðunarnefndar á árinu og varasjóðs sem þarf að vera til staðar svo bregðast megi við umsóknum um styrki í neyðartilvikum sem geta komið upp innan ársins, voru til úthlutunar í styrki árið 2016 kr. 131.000.000.

Vegna styrkúthlutunar árið 2016 var auglýst eftir umsóknum 19. október 2015 og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2015. Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um land allt, á heimasíðu og „facebook“ síðu stofnunarinnar. Sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 262 umsóknir um styrki úr húsafriðunarsjóði, en veittir voru 158 styrkir. Samtals var sótt um tæplega 950 millj. króna.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir húsafriðunarnefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 10.2 Fjárhæðir í þús. króna

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Friðlýstar kirkjur	Friðlýst hús	Friðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mann-virki	SAMTALS STYRKIR
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	58	37	7.150	12.500	9.400	3.800	32.850
Vesturland	19	10	500	1.600	3.500	500	6.100
Vestfirðir	52	31	7.950	2.700	9.600	2.900	23.150
Norðurland	37	28	10.300	2.500	12.200	0	25.000
Austurland	53	26	6.000	600	7.900	2.400	16.900
Suðurland	28	18	9.700	8.300	1.900	1.700	21.600
	247	150	41.600	28.200	44.500	11.300	125.600
Bæja- og húsa-kannanir	5	5					3.500
Rannsóknir og önnur verkefni	10	3					1.900
SAMTALS	**262**	**158**					**131.000**

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2016 má finna á heimasíðu Minjastofnunar.

Á fjárlögum 2016 voru fjárheimildir húsafriðunarsjóðs auknar um 150 m.kr. til að gera sjóðnum kleift að styrkja vinnu sveitarfélaga við skipulagningu og þróun verndarsvæða í byggð í samræmi við ákvæði laga um verndarsvæði í byggð. Undir lok júnímánaðar var auglýst eftir umsóknum um styrki til að undirbúa tillögur að verndarsvæðum í byggð. Auglýsing var send til allra sveitarfélaga og birt í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaðinu, en einnig auglýst á heimasíðu Minjastofnunar og „facebook“ síðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur var til og með 17. ágúst 2016. Sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar. Alls bárust 22 umsóknir frá 19 sveitarfélögum. Alls sóttu sveitarfélögin um tæpar 172 milljónir til verkefnanna. Úthlutað var 120.865.000 kr. til 21 verkefnis í sveitarfélögunum nítján. Lista yfir úthlutaða styrki má sjá hér.

11. Starfsmenn



Forstöðumaður

Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir	Forstöðumaður

Skrifstofa

Esther Anna Jóhannsdóttir	Fjármálastjóri
Hanna Jóhannsdóttir	Ritari

Rannsókna- og miðlunarsvið

Agnes Stefánsdóttir	Sviðsstjóri (fornleifafræðingur)
Ásta Hermannsdóttir	Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Guðlaug Vilbogadóttir	Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Oddgeir Isaksen	Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Sigurður Bergsteinsson	Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)

Umhverfis- og skipulagssvið

Kristinn Magnússon	Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Magnús Freyr Gíslason	Verkefnastjóri (arkitekt)
Pétur Ármannsson	Sviðsstjóri (arkitekt)

Minjavarðasvið

Einar Ísaksson	Minjavörður Vestfjarða
Guðmundur St. Sigurðarson	Minjavörður Norðurlands vestra
Guðný Gerður Gunnarsdóttir	Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis
Magnús A. Sigurðsson	Minjavörður Vesturlands
Rúnar Leifsson	Minjavörður Norðurlands eystra
Uggi Ævarsson	Minjavörður Suðurlands
Þór Hjaltalín	Sviðsstjóri/Minjavörður Suðurnesja
Þuríður Elísa Harðardóttir	Minjavörður Austurlands

Kirkjur Íslands

Þorsteinn Gunnarsson	Ritstjóri